

Ed.

175. Lög

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafjelög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, trygð hjá fjelögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega.

Hinn 1. apríl 1924 skulu öll hús, sem þá eru trygð hjá hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna, tekin í ábyrgð fyrir sömu upphæð og þau eru trygð fyrir, en hús, sem kunna að vera ótrygð, skal virða fyrir 1. október 1924, og hús, sem ekki hafa verið virt eftir 1. janúar 1917, skal endurvirða

fyrir sama tíma. Ný húsnáð skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrjetti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og sjeu iðgjöldin ekki greidd á rjettum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtök á sköttum til rikissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sje vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykkt ákveða sektir, alt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík.